

Margir fá saklausar blóðnasir af og til. Blóðnasir má oftast stöðva á einfaldan hátt.

Skoðið myndirnar hér fyrir neðan og raðið þeim í röð frá 1 til 3 sem sýnir hvernig best er að meðhöndla blóðnasir.



Hvað gerirðu?

- Láttu þann sem úr blæðir sitja uppi.
- Hallaðu höfðinu á honum svolítið fram til að blóðið renni út um nasirnar en ekki aftur í háls, það getur valdið teppu í öndunarvegi, ógleði eða uppköstum (mynd númer 1)
- Haltu jafnt (eða láttu viðkomandi gera það sjálfan) um báðar nasir. Minntu viðkomandi á að anda með munnum og spýta öllu blóði út úr sér (mynd númer 2)
- Þrífðu blóðið (mynd númer 3)
- Leggja má íspoka yfir nefið til að draga úr blæðingunni, sérstaklega ef hún er afleiðing höggs.
- Ef meðvitundarlaust fólk er með blóðnasir er æskilegt að leggja það í hliðarlegu til að fyrirbyggja að blóð renni niður í lungun og reyna svo það sem lýst er hér fyrir ofan.

Leita skal læknishjálpar ef:

- Blæðingin stöðvast ekki eftir 10-20 mínútur.
- Þig grunar að blæði aftur í háls.
- Viðkomandi er með háan blóðþrýsting, tekur blóðþynningarlyf eða stóra skammta af magnyl.
- Blæðingin er afleiðing höggs á nefið og þig grunar nefbrot.
- http://rki.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?name=skyndihjalp_birtafrett&detail=1005943